

SAMÞYKKT UM BYGGÐARMERKI SKAGAFJARÐAR



1. gr.

Byggðarmerki Skagafjarðar skal vera blár skjöldur (Pantone 287) með hvítu merki. Merkið er blár skjöldur með hvítum táknum, eða í stað hvíts "málmur" silfur. Táknin eru lóðrétt til vinstri, efri hluti sverðs og til hægri húnn biskupsstafs, bagals.

Þessi tákn tengjast sögu Skagafjarðar, sverðið sem tákn veraldlegs valds og biskupstafurinn andlega valdið. Blár litur er tákn himins og hafs.

2. gr.

Sveitarstjórn Skagafjarðar, sveitarstjóri og stofnanir sveitarfélagsins nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli, þar sem það á við, svo og í stimplum.

3. gr.

Notkun á byggðarmerki Skagafjarðar er óheimil án leyfis sveitarstjórnar Skagafjarðar, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, skv. meðfylgjandi teikningu nema í svarthvítri útgáfu.

4. gr.

Notkun byggðamerkisins við bóka- og blaðaprent er heimil án sérstaks leyfis, og má þá nota svarthvíta útgáfu merkisins. Í svarthvítri útgáfu er blár flötur táknaður með svörtum lit.

5. gr.

Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki sveitarfélagsins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdrættir af merkinu eins og það á að nota.

Skrifstofa sveitarfélagsins í Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 á Sauðárkróki, leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. greinar er sveitarstjóra heimilt að veita leyfi til þess að víkja tímabundið frá staðlaðri litasamsetningu byggðarmerkis Skagafjarðar á samfélagsmiðlum, á fánum og í kynningarefni sveitarfélagsins, í þeim tilgangi að sýna stuðning við almennar vitundarvakningarherferðir eða þjóðþekktu daga sem tengjast mikilvægum samfélagslegum gildum. Slík notkun skal vera tímabundin og skal ekki rýra gildi eða virðingu byggðarmerkisins né draga úr auðþekkjjanleika þess. Leyfi til slíkra frávíka skal veitt af sveitarstjóra, en sveitarstjórn getur sett nánari reglur um útfærslu og skilyrði slíkrar notkunar.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. nóvember 2025